

Stefna

Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi

1. Almenn

Þessi stefna Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi skilgreinir og formfestir helstu áherslur félagsins í sjálfbærni, þ.e. UFS þætti (umhverfisþætti, félagslega þætti og góða stjórnarhætti) og lýsir hvernig sjálfbærniþættir eru teknir inn í starfsemi félagsins eftir því sem við verður komið.

Stefnunni er ekki ætlað að vera tæmandi, heldur er henni ætlað að styðja við gildandi stefnur, reglur og leiðbeiningar sem Landsbréf fylgja í sinni starfsemi og skal tekið mið af henni við stjórnun rekstrarfélagsins og áætlanagerð.

Markmið stefnunnar er að stuðla að því að á hverjum tíma séu greind þau áhrif, áhættur og tækifæri sem felast í starfsemi félagsins á sviði sjálfbærni í þeim tilgangi að hafa áhrif á sitt nærumhverfi með áherslum á sjálfbærni.

2. Sjálfbærnireglugerðir og viðmið

Markmið Landsbréfa er að rekstur félagsins sé til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi, ekki einungis hvað varðar rekstur og ávöxtun sjóða og hagkvæmni heldur jafnframt þegar kemur að UFS viðmiðum í rekstri rekstrarfélagsins sjálfs:

- **Umhverfisleg viðmið** taka á því hvernig Landsbréf munu vinna markvisst að því að draga úr neikvæðum umhverfislegum áhrifum í starfseminni samhliða því að vinna að verkefnum í þágu umhverfisins.
- **Félagsleg viðmið** fjalla um það hvernig hugað er að velferð og heilsu starfsfólks, stuðla að heilbrigðu og jákvæðu starfsumhverfi, með áherslu á fjölbreytileika og jafnrétti ásamt því að styðja við sitt nærsamfélag og huga að sínum hagaðilum og virðiskeðju.
- **Viðmið um góða stjórnarhætti** taka á áherslum Landsbréfa þegar kemur að því að viðhalda góðu viðskiptasiðferði, huga að innra eftirliti, almennum stjórnarháttum og huga að réttindum viðskiptavina.

Evrópureglur um sjálfbærni

Með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar voru innleiddar tvær reglugerðir frá Evrópusambandinu annars vegar reglugerð um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar (e. *Taxonomy*) og hins vegar reglugerð um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR). Fyrirhuguð er innleiðing á tilskipun Evrópusambandsins CSRD (e. *Corporate Sustainability Reporting Directive*) um upplýsingagjöf um sjálfbærni sem líklegt er að muni taka gildi hér á landi fyrir fjárhagsárið 2025, henni mun fylgja ítarlegur sjálfbærniupplýsingastaðall ESRS (e. *European Sustainability Reporting Standards*). Starfsemi Landsbréfa skal taka mið af þessum reglum.

3. Aðferðafræði Landsbréfa

Landsbréf hafa undanfarin ár unnið með sjálfbærni að leiðarljósi við stýringu sjóða og í rekstri félagsins sjálfs og með þessari stefnu er aðferðafræði og áherslur rekstrarfélagsins sett fram með formlegum hætti. Tekið skal mið af CSRD tilskipuninni og ESRS staðlinum þar með talið út frá tímasettum og mælanlegum markmiðum þó innleiðingu þessara reglna sé ekki að fullu lokið í íslenskan rétt.

Landsbréf hafa framkvæmt tvöfalda mikilvægisgreiningu (e. *double materiality assessment*) á starfsemi sinni í samræmi við CSRD tilskipunina um sjálfbærnisráðgjafir sem tekur til eftirfarandi þátta:

- Áhrifamikilvægi (e. *impact materiality*): UFS þættir eru taldir mikilvægir ef Landsbréf hafa umtalsverð áhrif á samfélagið og/eða umhverfið miðað við stuttan, meðallangan eða yfir lengri tíma. Dæmi um slíkt er fjármögnuð losun eignasafna sjóða í rekstri hjá Landsbréfum.
- Fjárhagslegt mikilvægi (e. *financial materiality*): UFS þættir eru taldir mikilvægir í fjárhagslegu tilliti ef þeir hafa möguleg fjárhagsleg áhrif á Landsbréf, svo sem út frá áhrifum, tækifærum og loftslagsáhættu þá bæði raunáhættu og umbreytingaráhættu, sem gætu meðal annars haft áhrif á fjármálamarkaði og verðmæti eignasafna sjóða. Viðhorf viðskiptavina til fjárfestinga gæti til dæmis breyst og ef Landsbréf gæta ekki að vöruframboði sínu gætu eignir í stýringu minnkað sem hefði áhrif á fjárhag rekstrarfélagsins.

Starfsfólk og stjórnendur Landsbréfa komu að framkvæmd tvöföldu mikilvægisgreiningarinnar ásamt því sem rætt var við innri og ytri hagaðila Landsbréfa og lögð áhersla á að ákvarða hvaða UFS þættir vigtuðu þyngst fyrir rekstur félagsins og fjárfestingar sjóða. Framkvæmd var áhrifa-áhættu- og tækifærisgreining (e. *Impact, risk and opportunity, IRO*) og á grundvelli þeirrar greiningar hafa Landsbréf ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi UFS málefni og viðmið:

- Umhverfismál: Mildun loftslagsbreytinga, úrgangur, orka, vatnsnotkun og beinn áhrifavaldur taps á líffræðilegum fjölbreytileika.
- Félagslegir þættir: Persónuvernd og aðgangur að upplýsingum, jafnrétti kynja og fjölbreytileiki, heilsa og öryggi, jafnvægi vinnu og einkalífs.
- Stjórnarhættir: Spilling og mútur, fyrirtækjamenning, birgjatengsl, vernd uppljóstrara, pólitísk þátttaka og hagsmunagæsla.

Landsbréf munu byggja á þessum grunni við að leggja áherslu á þá UFS þætti í starfsemi sinni sem taldir eru mikilvægastir og birta frammistöðu sína og árangur hvað þá varðar í þar til gerðri skýrslu samhliða árlegu uppgjöri rekstrarfélagsins. Tvöföld mikilvægisgreining verður framkvæmd reglulega og viðbúið að áherslur geti breyst frá ári til árs, til dæmis vegna breytinga á fjármálamarkaði, fjárfestingum sjóða og áherslna frá eftirlitsaðilum.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (United Nations Sustainable Development Goals) voru sett fram árið 2015 sem leiðarvísir í átt að bættum samfélögum og verndun jarðarinnar. Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa innleitt markmiðin, þar á meðal Ísland. Markmiðin eru eins konar ákall um aðgerðir til þess að bæta lífsskilyrði í heiminum, eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi á milli þriggja stóða sjálfbærrar þróunar, hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Öll markmiðin eru mikilvæg en til að skerpa áherslur í tengslum við þessa stefnu hafa Landsbréf valið

ákveðin heimsmarkmið sem byggja á þeim þáttum sem félagið hefur skilgreint sem lykilþætti fyrir daglegan rekstur, sína hagaðila og fyrir samfélagið:

- **Markmið 5, um jafnrétti kynjanna:** Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað.
- **Markmið 7 um sjálfbæra orku:** Tryggja öllum aðgang að öruggari og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.
- **Markmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt:** Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.
- **Markmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu:** Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð.
- **Markmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum:** Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

Sjálfbærnimarkmið Landsbréfa

Landsbréf hafa sett sér markmið í sjálfbærnimálum sem eru endurskoðuð með reglulegu millibili og byggja meðal annars á stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu og þessari stefnu Landsbréfa um sjálfbærni í rekstri og starfsemi. Sjálfbærninefnd Landsbréfa ber ábyrgð á að unnið sé markvisst að því að ná settum markmiðum. Upplýsingagjöf Landsbréfa er tengd sjálfbærnimarkmiðunum og við munum upplýsa um gang mála. Núverandi markmið eru 7 og skiptast í umhverfismál, félagslega þætti og stjórnaðhætti.

Markmið 1: Vera upplýst og miðla upplýsingum á sviði sjálfbærni.

Markmið 2: Uppfylla hlítu við sjálfbærniregluverk.

Markmið 3: Leggja áherslu á vöruframboð sem byggir á sjálfbærni og ábyrgum fjárfestingum.

Markmið 4: Ná fram samdrætti í beinni og óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda.

Markmið 5: Stuðla að velferð starfsfólks Landsbréfa, greina og þekkja virðiskeðju félagsins.

Markmið 6: Beina viðskiptum til ábyrga birgja.

Markmið 7: Endurskoðun sjálfbærniupplýsinga.

4. Viðmið, leiðbeiningar og samstarf

Við innleiðingu og eftirfylgni á þessar stefnu er tekið mið af eftirfarandi atriðum:

- Stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáhættu;
- Alþjóðalögum og alþjóðasáttmálum sem Ísland hefur fullgilt;
- Fyrirfram skilgreindri fjárfestingastefnu og áhættuvilja og starfsleyfisskilyrðum;
- Hnatrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna;
- Leiðbeiningarreglum OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki (e. OECD Guidelines for Multinational Companies);

- Leiðbeiningarreglum OECD um góða stjórnarhætti (e. OECD Guidelines on Corporate Governance);
- Leiðbeiningar Viðskiptaráðs, Nasdaq OMX Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja og leiðbeiningar Nasdaq OMX Iceland um samfélagsábyrgð;
- Greiningar á viðeigandi UFS þáttum fyrirtækja;
- Upplýsingagjöf varðandi UFS, t.d. GRI skýrslur, Nasdaq UFS-skýrslur eða önnur viðeigandi upplýsingagjöf;
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Landsbréf eru aðili að viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI eða UN *Principles for Responsible Investment*). Lögð er áhersla á að samstarfsaðilar Landsbréfa til að mynda þeir sem koma að greiningu fyrirtækja fyrir hönd félagsins sem og sjóðstjórar taki tillit til viðmiða UN PRI í starfsemi sinni eftir því sem við getur átt.

Landsbréf eru aðili að IcelandSIF sem er íslenskur umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Landsbréf leitast eftir samstarfi við aðra fjárfesta, greiningaraðila og hagsmunaaðila um innleiðingu ábyrga fjárfestinga á Íslandi. Virk samskipti við fyrirtæki um UFS þætti byggja á gagnkvæmu trausti og lögð er áhersla á að viðhalda trausti þeirra fyrirtækja sem sjóðir í rekstri Landsbréfa hafa fjárfest í. Upplýsingum um framvindu sjálfbærni innan Landsbréfa verður komið á framfæri í gegnum árlega skýrslugjöf.

5. Upplýsingagjöf

Virk samskipti við fyrirtæki um UFS þætti byggja á gagnkvæmu trausti. Lögð er áhersla á að viðhalda trausti þeirra fyrirtækja sem sjóðir í rekstri Landsbréfa hafa fjárfest í. Landsbréf munu leitast við að upplýsa fjárfesta og aðra hagsmunaaðila um hvernig viðmið um UFS þætti og framvinda gagnvart heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna eru innleidd í starfsemi félagsins og fjárfestingar sjóða í gegnum árlega skýrslugjöf.

6. Gildistaka, fræðsla og fleira

Stefna þessi er sett af stjórn Landsbréfa og öðlast gildi þann 21. október 2024. Gert er ráð fyrir að hún verði endurskoðuð eftir innleiðingu á CSRD tilskipuninni og ESRS staðlinum hér á landi.

Sjálfbærninefnd Landsbréfa ber ábyrgð á framfylgd hennar svo sem við að tryggja að unnið sé í samræmi við þau viðmið og markmið sem sett eru fram í stefnunni og að starfsfólk Landsbréfa sé upplýst um stefnuna, fái fræðslu um sjálfbærni og geti þannig tileinkað sér hana við dagleg störf.